

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/27/EB

2011/EES/20/02

frá 7. apríl 2009

um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana <sup>(1)</sup>, einkum g-lið 1. mgr. 41. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að tryggja samræmda framkvæmd og beitingu tilskipunar 2006/49/EB alls staðar innan Evrópusambandsins kom evrópska bankaefirlitsnefndin á fót vinnuhópi (Hópur vegna lögleiðingu tilskipunar um eiginfjárkröfur — CRDTG) árið 2006 sem falið var það verkefni að fjalla um og leysa álitæfni í tengslum við framkvæmd og beitingu tilskipunarinnar. Samkvæmt vinnuhópnum þarf að tilgreina nánar tiltekin tæknileg ákvæði sem er að finna í I., II. og VII. viðauka við tilskipun 2006/49/EB til þess að tryggja samleitni í beitingu þeirra. Auk þess eru tiltekin ákvæði ekki í samræmi við traustar áhættustjórnunaraðferðir lánastofnana. Af þeim sökum er rétt að leiðrétta þessi ákvæði.
- 2) Því ber að breyta tilskipun 2006/49/EB til samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Tilskipun 2006/49/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi komi í stað liðar 8. B:

„B. MEÐHÖNDLUN Á KAUPANDA VARNARINNAR

Að því er varðar aðilann sem yfirfærir útlánaáhættu („kaupandi varnarinnar“) eru stöðurnar ákvarðaðar sem spegilmynd af seljanda varnarinnar, að undanskildu lánsþæfingendur skuldabréfi (sem leiðir ekki af sér skortstöðu í útgefandanum). Ef um er að ræða kauprétt ásamt aukinni greiðslu (step-up) á tilteknum tíma skal sá tími teljast til líftíma varnarinnar. Að því er varðar útlánaafleiður, sem byggjast á því hvaða aðili er sá fyrsti og sá n-ti til að standa ekki í skilum, á eftirfarandi meðferð við í stað spegilmyndaðar aðferðarinnar.

**Útlánaafleiður sem byggjast á fyrsta vanskilaaðila**

Þegar stofnun kaupir útlánavörn vegna nokkurra viðmiðunareininga, sem liggja til grundvallar útlánaafleiðu, með þeim skilmálum að fyrstu vanskil á eignunum hrindi af stað greiðslu og sá útlánaatburður felli samninginn úr gildi, getur stofnunin jafnað út tiltekinni áhættu viðmiðunareiningar með lágsta tiltekna áhættuhlutfalli þeirra viðmiðunareininga sem liggja til grundvallar samkvæmt Töflu 1 í þessum viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 94, 8.4.2009, bls. 97. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2009 frá 22. október 2009 um breytingu á IX viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 68, 17.12.2009, bls. 3.

(1) Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

**Útlánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila**

Þegar n-tu vanskil á áhættuskuldbindingunum hrinda af stað greiðslu samkvæmt skilmálum útlánavarnarinnar getur kaupandi varnarinnar aðeins jafnað út tiltekinni áhættu ef vörmin nær einnig yfir fyrstu til n-1 vanskila eða þegar n-1 vanskil hafa átt sér stað. Í þeim tilvikum skal fylgja framangreindri aðferðafræði um útlánaafleiður sem byggjast á fyrsta aðila til að standa ekki í skilum, með nauðsynlegum breytingum vegna afurða sem byggjast á n-ta aðila til að standa ekki í skilum.

b) Í 14. lið komi eftirfarandi í stað Töflu 1:

„Tafla 1

Flokkar	Eiginfjárkröfur vegna sérstakrar áhættu
Skuldabréf, sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast eða seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld aðildarríkja gefa út og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 1. þrepi eða fengju 0% áhættuvægi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	0%
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast eða seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld aðildarríkja gefa út og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 2. eða 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 1. eða 2. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 29. lið í 1. hluta VI. viðauka við reglugerð 2006/48/EB, og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 1., 2. eða 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	0,25% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er 6 mánuðir eða minna)  1,00% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er lengri en 6 mánuðir til og með 24 mánuðir)
Aðrir fullgildir liðir eins og þeir eru skilgreindir í 15. lið.	1,60% (tíminn, sem eftir er til lokagjalddaga, er lengri en 24 mánuðir)
Skuldabréf, sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast eða seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum eða stofnanir gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfsgæða í 4. eða 5. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og skuldabréf sem stofnanir gefa út eða ábyrgjast og uppfylla kröfur um lánshæfsgæði í 3. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 26. lið í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfsgæða í 4. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB. Áhættuskuldbindingar án lánshæfsmats tilnefndrar utanaðkomandi lánshæfsmatsstofnunar.	8,00 %
Skuldabréf sem ríkisstjórnir gefa út eða ábyrgjast, sem seðlabankar, alþjóðastofnanir, fjölþjóðlegir þróunarbankar eða héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríkjum eða stofnanir gefa út og uppfylla skilyrði lánshæfsgæða í 6. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB, og skuldabréf sem fyrirtæki gefa út eða ábyrgjast og uppfylla skilyrði lánshæfsgæða í 5. eða 6. þrepi samkvæmt reglunum um áhættuvægi áhættuskuldbindinga, skv. 78.–83. gr. tilskipunar 2006/48/EB.	12,00% <sup>44</sup>

## 2. Í stað 11. liðar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„11. Ef útlánaafleiða, sem er í veltubókinni, er hluti innri áhættuvarnar og útlánavörnin er viðurkennd samkvæmt tilskipun 2006/48/EB, skal litið svo á að ekki verði um að ræða mótaðilaáhættu vegna stöðunnar í útlánaafleiðunni. Stofnun á einnig þann kost, við útreikning á eiginfjárkröfum vegna mótaðilaáhættu, að telja með á samræmdan hátt allar útlánaafleiður sem eru í viðskiptabókinni og mynda hluta af innri áhættuvörn eða eru keyptar sem vörn gegn mótaðilaáhættu ef útlánavörnin er viðurkennd samkvæmt tilskipun 2006/48/EB.“

## 3. Í stað 3. liðar í C-hluta VII. viðauka komi eftirfarandi:

„3. Þegar stofnun ver útlánaáhættu utan veltubókar með því að nota útlánaafleiðu, sem bókuð er í veltubók hennar (með innri áhættuvörn), er ekki litið svo á, þrátt fyrir 1. og 2. lið, að áhættan utan veltubókar sé varin að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum nema stofnunin kaupi, sem áhættuvörn hjá hæfum þriðja aðila, útlánaafleiðu er uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 19. lið 2. hluta VIII. viðauka við tilskipun 2006/48/EB að því er varðar áhættu utan veltubókar. Með fyrirvara um annan málslið 11. liðar II. viðauka, skal, ef þess háttar áhættuvörn frá þriðja aðila er keypt og viðurkennd sem vörn vegna áhættuskuldbindingar utan veltubókar að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum, skal hvorki innri né ytri áhættuvörn útlánaafleiðunnar vera í veltubókinni vegna útreiknings á eiginfjárkröfum.“

## 2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessarar ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 31. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

## 3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

## 4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*